

Nd.

221. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40 8. sept. 1931, um endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum af efnivörum til iðnaðar.

Flm.: Ólafur Thors, Jakob Möller, Guðbrandur Ísberg.

1. gr.

1. málslíð 1. gr. laga nr. 40 8. sept. 1931 skal orða svo:

Ráðherra er skylt að endurgjalda iðnaðarmanni eða iðjurekanda vörutoll og verðtoll, er greiddur hefir verið í rikissjóð af efnivörum til iðnaðar, er hlutaðeigandi hefir notað til iðnaðarframleiðslu sinnar, eftir þessum reglum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er nú orðið öllum almenningi ljóst, að vegna innflutningshafta viðskiptaþjóðanna verða Íslendingar að beina hagnýtingu mannsorkunnar inn á nýjar brautir, og eins og nú horfir, verður ekki komið auga á aðra eðlilegri og farsælli lausn þess vanda en að styðja sem bezt þann iðnað, sem á síðari árum hefir sprottið upp í landinu.

Eitt af því, sem háir vexti innlends iðnaðar, er, að ýms ákvæði tollalöggjafarinnar veita erlendum iðnaði beina vernd í samkeppninni við innlendan iðnað, og er mörg efnivara til iðnaðar hærra tolluð en unnar iðnaðarvörur, sem gerðar eru úr sömu efnivörum.

Til þess að ráða bót á þessu, bar fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, Jón Þorláksson borgarstjóri, fram frumvarp, er náði lögfestu á haustþingiinu 1931. Í 1. gr. þess frv. er ráðherra heimilað að endurgjalda vörutoll og verðtoll af efnivörum til iðnaðar eftir vissum reglum, og mun það hafa verið tilgangur löggjafans, að sú heimild yrði notuð. Svo hefir þó eigi verið í framkvæmdinni, og er því hér borið fram frv. um að breyta þeirri heimild í skyldu.

Æskilegast hefði verið að breyta tollalöggjöfinni í samræmi við þennan tilgang, en ekki þykir tímabært að bera fram frv. um það, m. a. og fyrst og fremst vegna þess, að meðan iðnaðurinn er í örum vexti, er miklum vandkvæðum bundið að umlykja þarfirnar með slíkri tolllagabreytingu.